AUGLÝSING

um bráðabirgðasamkomulag um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Grenada.

Með erindaskiptum milli breska sendiráðsins í Reykjavík f. h. ríkisstjórnar Grenada og utanríkisráðuneytisins hefur verið ákveðið, að gagnkvæmt samkomulag um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Grenada haldi gildi sínu með aðstoð í samningi Íslands og Bretlands, þar til nýr samningur verður gerður við ríkisstjórn Grenada.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 28. nóvember 1974.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Nr. 21. 3. des. 1974.

AUGLÝSING

um samkomulag milli Íslands og Bandaríkjanna varðandi varnarsamninginn frá 1951.

Hinn 22. október 1974 var í Reykjavík gengið frá samkomulagi milli Íslands og Bandaríkjanna um áframhaldandi framkvæmd varnarsamnings ríkjanna frá 5. maí 1951. Jafnframt var lokið með orðsendingaskiptum endurskoðun samningsins skv. 7. grein hans, sem hófst formlega hinn 25. júní 1973.

Samkomulagið tók gildi á undirritunardegi hinn 22. október 1974.

Orðsendingaskiptin og samkomulagið ásamt bókun eru birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 3. desember 1974

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Fylgiskjal.

1. ORÐSENDINGASKIPTI

a. Orðsending sendiherra Bandaríkjanna til utanríkisráðherra.

Reykjavík, 22. október 1974.

Herra ráðherra,

Ég leyfi mér að vísa til viðræðna, sem nýlega áttu sér stað milli fulltrúa ríkis-

Annex

1. EXCHANGE OF NOTES

a. The American Ambassador to the Icelandic Minister for Foreign Affairs.

Reykjavik, October 22, 1974.

Excellency:

I have the honor to refer to the discussions recently concluded between